

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

14. desember 2012

Til efnahags- og viðskiptanefndar
Frá tekju- og skattaskrifstofu

Efni: Svör við ýmsum fyrirspurnum um mál nr. 468 um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Í tengslum við ofangreint mál sem vísað hefur verið til efnahags- og viðskiptanefndar óskaði nefndin eftir svörum ráðuneytisins við eftirfarandi spurningum.

1. Hver er áætluð innheimta veiðigjalds í desember 2012?

Miðað við tekjuáætlun fjáráukalaga 2012, þar sem gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af veiðigjöldum á árinu nemi 6,0 milljörðum króna á greiðslugrunni, áætlað ráðuneytið að í desember innheimtist 2,6 milljarðar króna. Stór gjalddagi sambærilegrar fjárhæðar, sem átti að vera í október, frestaðist fram í desember þar sem lengri tíma tók að útfæra vaxtaafslætti í tengslum við keyptar aflaheimildir en áformað var.

Eftirfarandi tafla sýnir áætlaða innheimtu veiðigjalds eftir gjalddögum á árinu 2013 og eru allar fjárhæðir í milljónum króna. Byggt er á þeirri forsendu að frá og með fiskveiðiárinu 2013/2014 verði fyrsti gjalddagi 1. úthlutunar í október eins og kveðið er á um í lögum. Auk þess er byggt á þeirri forsendu að 20% af tekjum vegna 2. úthlutunar falli til á fyrra ári.

Innheimta 2013	Jan.	Feb.	Mar.	Apr.	Mai	Jun.	Jul.	Ág.	Sep.	Okt.	Nóv.	Des.
1. úthl. 2012/2013	2,306			2,306			2,306					
2. úthl. 2012/2013 Utan aflam. 2012/2013	185	185	185	185	185	185	185	185		1,230		
1. úthl. 2013/2014										2,591		
2. úthl. 2013/2014 Utan aflam. 2013/2014									104	104	104	104
Samtals innheimta	2,491	185	185	2,491	185	185	2,491	185	104	3,925	104	104

Allt árið	12,631
--------------	--------

2. Hvaða áhrif hafa breytingar á virðisaukaskatti á ferðapjónustuna?

Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um áhrif þess að hækka virðisaukaskatt á gistiþjónustu hefur fjöldi gistinátta á undanförunum 15 árum ríflega tvöfaldast. Árið 2011 voru gistinætur um 3,2 milljónir. Gistinætur Íslendinga voru þá 800 þúsund og útlendinga 2,4 milljónir. Miðað við ofangreindar forsendur má ætla að gistinóttum Íslendinga fækki um 42.000-82.000 frá því sem annars yrði og gistinóttum útlendinga um 14.000-97.000. Heildarfækkun gistinátta vegna hækkunar virðisaukaskatts er áætluð 1,7-5,5%. Þá er hins vegar gert ráð fyrir að allir aðrir þættir sem áhrif hafa á komur ferðamanna til landsins haldist óbreyttir. Reynsla undangenginna áratuga hefur hins vegar sýnt að ferðamönnum hefur fjölgað nær samfelld og að meðaltali um 7,7% á ári. Ef fram heldur sem horfir má gera ráð fyrir að ferðamönnum fjölgi áfram þrátt fyrir þessa hækkun virðisaukaskatts.

3. Hver eru viðbrögð ráðuneytisins við athugasemdum um skattlagningu lífeyrissjóða?

Í fylgiskjali 1 er ítarlegt minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins um málið, sem lagt var fram á ríkisstjórnarfundum hinn 15. nóvember 2012.


4. Hver eru viðbrögð ráðuneytisins við athugasemdum um verðlagsáhrif í frumvarpinu og hver eru áhrif þess á kaupmátt launa og ráðstöfunartekjur heimilanna?

Áhrif hækkana á krónutölugjöldum og gjaldskrár koma fyrst og fremst fram í herra verðlagi. Sama gildir um hækkun tóbaksgjalds. Lauslegt mat bendir til að áhrifin gætu verið um 0,36% til hækkunar á vísitölu neysluverðs verði þeim að fullu velt út í verð viðkomandi vara, sbr. meðfylgjandi töflu.


Verðlagsáhrif af krónutöluhækkunum gjalda 1. janúar 2013	vægi í vuv	vá (%)
0211 Sterk vín	21	0,01
0212 Léttvín	83	0,02
0213 Bjór	98	0,02
022 Tóbak	132	0,13
07221 Bensín 95 okt, vegna vörugjaldshækkunar	500	0,07
07224 Dísel, vegna vörugjaldshækkunar	115	0,01
Orkuskattur á rafmagn		
04511 Rafmagn til lýsingar	139	0,09
04512 Rafmagn til húshitunar	31	0,02
Alls		0,359

Rétt er að hafa í huga að hækkun virðisaukaskatts á gistipjónustu og breytingar á vörugjöldum bílaleigubifreiða hafa óveruleg áhrif á vísitölu neysluverðs. Á blaðsíðu 22 í athugasemdum með frumvarpinu segir að áhrif umræddra hækkana gætu verið um 0,2%. Við það mat var horft til þess að hluti af verðlagshækkunum væri þegar innifalinn í almennum verðlagsforsendum þjóðhagsspárinnar frá í nóvember, eða tæplega helmingur. Ljóst er að umfjöllunin í frumvarpinu um þennan þátt er ekki nægilega skýr og er beðist velvirðingar á því.

Ljóst er að hækkun á verðlagi dregur með samsvarandi hætti úr kaupmætti launa og ráðstöfunartekna heimilanna. Til frekari upplýsinga er á meðfylgjandi myndum sýnd áætluð þróun kaupmáttar launa og ráðstöfunartekna heimilanna á tímabilinu 2008-2013.



Heimild: Hagstofa Íslands.



Heimild: Seðlabanki Íslands.

5. Hver eru áhrif 13. gr. frumvarpsins (framlenging tímabundinnar hækkunar vaxtabóta) á mismunandi tekjuhópa?

Í fylgiskjali 2 er ítarleg umfjöllun úr vefriti ráðuneytisins frá 25. júlí 2012 en vefritið má finna á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

